

Föstudaginn 19. júní 1992.

Nr. 240/1992. **Loftur Jónsson**

gegn

samgönguráðherra vegna**Siglingamálastofnunar ríkisins og****fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. maí 1992, er hingað barst 9. júní. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1992. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Lögð hafa verið fram í máli þessu á annað hundrað skjöl. Sýnt er, að mörg þessara skjala eru ýmist álítaefni málsins óviðkomandi eða tengjast því ekki með þeim hætti, að ástæða hafi verið til framlagningar þeirra. Gagnaðflun í málinu hefur því orðið miklum mun umfangsmeiri en efni voru til og málatilbúnaður í senn flókinn, óskýr og afar óaðgengilegur. Af þessu hefur og leitt, að reifun málsins af hálfu sóknaraðila er ómarkviss og hefur drepist mjög á dreif. Er fallist á með héraðsdómara, að málatilbúnaður sóknaraðila sé í veigamiklum atriðum andstæður þeim ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem vísað er til í héraðsdómi. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það er athugavert við hinn kærða dóm, að vaxtakrafa sóknaraðila er tekin upp óstytt, en hún nær yfir tólf blaðsíður í dóminum. Þar sem um frávísunardóm er að ræða, var nægjanlegt að geta

vaxtakröfu. Þá hefur umfjöllun héraðsdómara um atvik málsins og málsástæður aðila umfram nauðsyn lengt dóminn úr hófi.

Það athugast, að í greinargerð varnaraðila í héraði er fjallað mjög ýtarlega um margvísleg efnisatriði í málatilbúnaði sóknaraðila með þeim hætti, að um skriflegan málflutning er að ræða.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Loftur Jónsson, greiði varnaraðilum, samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sameiginlega 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu mánudaginn 27. apríl sl., hefur Loftur Jónsson, kt. 100436-4739, Blikanesi 19, Garðabæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 27. júní 1991, á hendur samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins, kt. 560269-1029, Hringbraut 121, Reykjavík, og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

Aðallega, að riftun stefnanda á húsaleigusamningi stefnanda og Siglingamálastofnunar ríkisins um húsnæði á 4. og 5. hæð að Hringbraut 121, Reykjavík, dagsettum 1. október 1980, sem fram fór m. a. með bréfi, birtu 31. október 1986, verði staðfest með dómi, enn fremur, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 10.496.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara krefst stefnandi, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 2.231.377 kr. eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins með [nánar tilgreindum vöxtum].

Loks krefst stefnandi, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað [.....].

Dómkröfur stefndu eru þær, að málinu verði vísað frá dómi.

Um efnishlið málsins eru dómkröfur stefndu aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar mjög verulega.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda [.....].

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og

málið dæmt að efni til. Til vara krefst hann, að aðeins þeim kröfum, sem talið kynni að vera ábótavant, verði vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í þessum þætti málsins úr hendi stefndu ásamt virðisauka-skatti í ríkissjóð.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

7.0. Forsendur og niðurstaða.

Að framan hafa verið raktar kröfur aðila og önnur atvik, sem þörf þykir að rekja samhengis vegna, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem leysa þarf úr ágreiningi um formhlið málsins, er óhjákvæmilegt að vitna í töluröð einstakra dómskjala. Skal nú vikið að þeim málsástæðum stefndu, að málatilbúnaður stefnanda brjóti í veigamiklum atriðum gegn ákvæðum laga nr. 85/1936.

Fallast verður á það með stefndu, að stefna sé andstæð staflið d í 1. tölulið 88. gr. eml. Skjal þetta er ekki stuttort, gagnort og skýrt, svo sem tilskilið er í d-lið. Þá er greinargerð stefnanda andstæð 105. gr., 2. og 3. málslið 1. töluliðar, þar sem hún hefur ekki að geyma kröfur og aðra þá málsútlitun, sem tilvitnuð lagaákvæði ætlast til.

Framsetning stefnanda á kröfu um vexti og vaxtavexti er flókin, en þó ekki órökræn, og fyrir sérfræðinga mun tæknilega framkvæmanlegt að reikna út vaxtavexti, ef dæmdir yrðu, svo sem stefnandi ætlast til. Á hinn bóginn er mikið talnager bæði í aðal- og varakröfu, sem endar á 1. maí 1991. Þá er ekki gerð grein fyrir, hvernig fara skuli með vexti og vaxtavexti í apríl 1987, en 14. apríl 1987 er eftir kröfum stefnanda skipt frá mánaðar-vöxtum í ársvexti. Allt gerir þetta kröfugerð óglögga. Hefði og verið til hagræðis fyrir málsaðila og dóminn, ef útreikningur þessara vaxta og vaxta-vaxta hefði verið framkvæmdur fyrir fram og lagður fram í málinu og kröfur stefnanda síðan gerðar í einfaldara formi í samræmi við þann útreikning.

Á það verður fallist með stefndu, að málatilbúnaður stefnanda brjóti gegn meginreglu 109. gr. laga nr. 85/1936, að mál skuli munnlega flytja, en ekki skriflega. Hefur stefnandi lagt fram mörg skjöl, sem alls ekki geta talist sönnunargögn, heldur hluti skriflegs málflutnings. Er hér átt við eftirgreind bréf til lögmanns stefnanda: bréf, dags. 4. maí 1987, á dómskjali nr. 42, bréf, dags. 1. júní 1987, á dómskjali nr. 47, bréf, dags. 18. september 1987, á dómskjali nr. 52, bréf, dags. 1. október 1987, á dómskjali nr. 53, bréf, dags. 5. október 1987, á dómskjali nr. 54, bréf, dags. 9. október 1987, á dómskjali nr. 56, bréf, dags. 15. október 1987, á dómskjali nr. 57. Framangreind skjöl eru til viðbótar fjölmörgum öðrum dóm-skjölum, þar sem málsástæður stefnanda eru skýrðar, en hin síðarnefndu

eru þó þess eðlis, að ekki þykir ástæða til að líta á þau sem skriflegan málflutning eingöngu. Óeðlilegt verður að teljast, að greinargerð stefnanda sé fólgin í ótöldum síðar fram lögðum málskjölum og því fram sett með óskipulega hætti, sem því fylgir.

Það athugist, að í greinargerð segir, að dómskjöl þessi að undanteknu dómskjali nr. 38 séu frá Lofti Jónssyni hf., þótt þau virðist vera frá stefnanda. Á dómskjali nr. 38, sem sagt er vera bréf Jóns Loftssonar hf., er í raun bréf JL-hússins hf., og talar höfundur þess sem kröfuhafi og viðsemjandi stefndu. Í greinargerð stefnanda eða málskjölum liggur ekki fyrir skýring á þessu eða útlistun vegna samhengis málsins, þótt hún hafi að nokkru komið fram við munnlegan flutning málsins um frávisunarkröfu.

Fallast verður á það sjónarmið stefndu, að þessi ruglingslega framsetning gefi jafnvel tilefni til að efa, að málsaðild stefnanda sé rétt, þ.e., að stefnandi eigi ekki öll þau meintu kröfuréttindi, sem hann kallar eftir efndum á í málinu og byggir riftunarkröfur sínar á.

Réttara hefði verið, að fram lagðar töflur á dómskjölum nr. 66 til 78 hefðu verið einfaldaðar og gerðar þannig hluti greinargerðar, en hér er á ferðinni hluti af málsútlistun stefnanda. Hér er ekki á ferðinni útreikningur í skilningi 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, enda gerir sú málsgrein ráð fyrir útreikningi í greinargerðum aðila.

Viðskiptareikningar vegna aðalkröfu á dómskjali nr. 80 og vegna vara-kröfu á dómskjali nr. 81 eru upp settir af stefnanda og ekki raunverulegir viðskiptareikningar eða yfirlit. Þessi skjöl eru því einnig hluti skriflegs málflutnings, en ekki bókhaldsútskriftir, eins og ætla mætti við fyrstu sýn.

Samkvæmt framansögðu er málatilbúnaður stefnanda flóknari og viðameiri en efni standa til. Málatilbúnaður stefnanda brýtur gegn meginreglum einkamálalaga um skýran og greiðan málflutning, sbr. meðal annars 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988 og 32. gr. laga nr. 28/1981. Enn fremur felur málatilbúnaður stefnanda í sér viðamikinn skriflegan málflutning, sem brýtur m. a. gegn 1. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 54/1988.

Þegar allir framangreindir ágallar eru virtir í heild, er það niðurstaða dómsins, að vísa beri málinu frá samkvæmt fram kominni kröfu stefndu.

Við málskostnaðarákvörðun verður að gæta að því, að stefndu voru jafnframt til neyddir að skila umfjöllun sinni um efnishlið málsins. Þau mótmæli stefnanda, að krafa stefndu um virðisaukaskatt á málskostnað sé of seint fram komin, eru ekki tekin til greina. Eftir atvikum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 80.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur. Ber málskostnaður dráttarvexti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Loftur Jónsson, greiði stefndu, samgönguráðherra vegna Siglingamálastofnunar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 80.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.
